Nr. 693 18. júlí 2006

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 416/2003.**

1. gr.

Við 2. gr. bætast tvær nýjar orðskýringar, sem verða 11. og 12. liður, svohljóðandi:

*11.* *Tankflutningaskip;* er skip sem er sérstaklega smíðað og notað til flutninga á miklu magni gastegunda eða vökva í farmgeymum. Til tankflutningaskipa teljast olíuflutningaskip, gasflutningaskip og efnaflutningaskip.

*12.* *Ekjufarþegaskip;* er farþegaskip sem búið er sérstökum ekjufarmrýmum eða „sérstökum farmrýmum“ eins og þau eru á hverjum tíma skilgreind í Alþjóðasamþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. orðast svo:

***Skilyrði skírteina.***

Sérhver umsækjandi skírteinis skal fullnægja ákvæðum þessarar reglugerðar um aldur, menntun, siglingatíma og, ef við á, fræðslu um borð í skipum. Jafnframt skal hann fullnægja ákvæðum I. viðauka þessarar reglugerðar um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur. Þá skal umsækjandi hafa gengist undir námskeið eftir því sem nánar er greint í V. viðauka reglugerðarinnar um tiltekin skírteini og námskeið vegna þeirra atvinnuskírteina sem óskað er eftir að fá útgefin og vegna réttinda til að mega gegna sérstökum sérhæfðum störfum um borð í skipum.

3. gr.

Nýr viðauki, V. viðauki, bætist við reglugerðina og er meðfylgjandi.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 17. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/23/EB frá 8. mars 2005 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna, sem vísað er til í 56j lið í XIII. viðauka EES-samningsins eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2005 frá 3. desember 2005.

*Samgönguráðuneytinu, 18. júlí 2006.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# V. VIÐAUKI

**Flutningaskip: Skírteini og námskeið til tiltekinna sérhæfðra starfa.**

| **Atvinnuskírteini**[1] ÚEÁ: Útgáfa, endurnýjun eða áritun | | **Takmarkanir** | **Grunnnámskeið öryggisfræðslu**[2 3] Grunnþjálfun og öryggisfræðsla (Basic training) Reg. VI/1 | | **Líf- og léttbáta-námskeið**[4] (Survival Craft and Rescue Boats other than fast Rescue Boats) Reg. VI/2 | | **Eldvarna-námskeið**[4] (Advanced Fire-fighting training) Reg. VI/3 | | **Sjúkraum-önnun**[4 5] (Medical First Aid) Reg. VI/4.1 | | **Læknis-verk**[6] (Medical Care) Reg. VI/4.2 | | **ARPA námskeið**[6] (Proficiency in ARPA) Reg. II/2-II/1 | | **Fjarskipta-skírteini**[6] (GOC/ROC GMDSS) Reg. IV/2 Para. 1 | | **Tankflutninga-skipaskírteini**[4] (Tanker Familiarization course) Reg. V/1-1[7] | | **Námskeið**[8] Endurnýjun atvinnuskír-teina (Refresher cources) Reg. I/11 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | F: Frummenntun | E: Endurmenntun | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **E** |
| II/2-1 | Skipstjóri | Engar | x | E | x | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | T | T |
| II/2-1 | Yfirstýrimaður | Engar | x | E | x | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | T | T |
| II/2-3 | Skipstjóri | <3000 bt. | x | E | x | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | T | T |
| II/2-3 | Yfirstýrimaður | <3000 bt. | x | E | x | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | T | T |
| II/1 | Stýrimaður | Engar | x | E | x | S | x | S | x | E | | | v | T | x | T | v | T | |
| II/3-5 | Skipstjóri | <500 bt. í strands. | x | E | x | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | T | T |
| II/3-3 | Yfirstýrim/stýrim. | <500 bt. í strands. | x | E | x | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | T | T |
| II/4 | Aðstoðarmaður í brú | Engar | x | E | | | | | | | | | | | | | v | T | |
| | Skipstjóri/stýrimaður | <65 bt. í strands. | x | E | | | | | | | | | | | x | T | v | T | |
| III/2 | Yfirvélstjóri | Engar | x | E | x | S | x | S | x | | | | | | | | v | T | T |
| III/2 | 1. vélstjóri | Engar | x | E | x | S | x | S | x | | | | | | | | v | T | T |
| III/3 | Yfirvélstjóri | <3000 kW | x | E | x | S | x | S | x | | | | | | | | v | T | T |
| III/3 | 1. vélstjóri | <3000 kW | x | E | x | S | x | S | x | | | | | | | | v | T | T |
| III/1 | Vélstjóri | Engar | x | E | x | S | x | S | x | T | | | | | | | v | T | T |
| III/4 | Aðstoðarmaður í vél | Engar | x | E | | | | | | | | | | | | | v | T | |
| | Vélstjóri | <750 kW | x | E | | | | | | | | | | | | | v | T | |
| | Aðrir skipverjar | | x | E | | | | | | | | | | | | | v | T | |

[1] „x“: Frummenntunar er krafist til að öðlast viðkomandi atvinnuréttindi. „v“: Frummenntunar er eingöngu krafist til að mega gegna tilteknum sérhæfðum störfum, valkvætt.
„E“: Við endurnýjun atvinnuréttinda skal umsækjandi hafa sótt viðurkennt endurmenntunarnámskeið eins og mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum.
„S“: Við endurnýjun atvinnuréttinda til sérhæfðra starfa skal umsækjandi leggja fram skriflega staðfestingu; a) um að hafa sótt viðurkennt endurmenntunarnámskeið, b) um þátttöku í skipulagðri endurmenntunarþjálfun með skráningu og staðfestingu leiðbeinanda í þjálfunarbók eða c) um að hafa gengist undir sérstakt viðurkennt hæfnispróf.
„T“: Við endurnýjun atvinnuréttinda skal umsækjandi færa sönnur á að hann hafi gegnt viðkomandi störfum eða sambærilegri stöðu í a.m.k. eitt ár á síðastliðnum 5 árum.

[2] Heimild til ÚEÁ atvinnuskírteina skal háð því að umsækjandi hafi lokið frummenntun og endurmenntun í samræmi við ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 880/2001 um lögskráningu sjómanna og ákvæðum kafla VI/1 STCW-kóðans. Innifalið í grunnnámskeiði öryggisfræðslu skal vera skyndihjálparnámskeið samkvæmt ákvæðum kafla A-VI/1.

[3] Vettvangskynning (Familiarization training) er hluti nýliðafræðslu og skal fara fram undir leiðsögn skipstjórnarmanns þegar skipverji kemur til starfa á skipi sem hann hefur ekki starfað á sl. 12 mánuði, sjá 10. gr. laga nr. 76/2001.

[4] Heimild til ÚEÁ atvinnuskírteina skal háð því að umsækjandi leggi fram staðfestingu þess að hann hafi lokið viðurkenndri frummenntun og endurmenntunarnámskeiði, tekið þátt í skipulögðum æfingum og þjálfun eða lokið viðurkenndu hæfnisprófi er fullnægi viðeigandi ákvæðum STCW-kóðans, þ.e. II/1, II/2, III/1, IV/2, VI/2, VI/3 og V/1-1.

[5] Frummenntunar til samræmis við ákvæði A-VI/4, 1-3 krafist samkvæmt töflum A-II/1, A-II/3 og A-III/1 til þess að öðlast viðkomandi atvinnuréttindi.

[6] Heimild til ÚEÁ atvinnuskírteina skal háð því að umsækjandi leggi fram staðfestingu þess að hann hafi lokið frummenntun og sótt viðurkennt endurmenntunarnámskeið, hafi hann ekki á síðastliðnum 5 árum a.m.k. 12 mánaða siglingatíma í stöðu sem atvinnuskírteinið veitir rétt til eða a.m.k. 3ja mánaða siglingatíma í næstu lægri stöðu en hann á tilkall til.

[7] Allir í áhöfn tankflutningaskips skulu, auk sérnámskeiðs, hafa lokið frumnámskeiði og framhaldsnámskeiði í eldvörnum. STCW-kóði, Reg. I/11-2, Reg. V/1-1 og Reg. V/1-2.4.

[8] Sérstök námskeið til endurnýjunar atvinnuréttinda þegar umsækjandi hefur ekki að baki siglingatíma í stöðu sem atvinnuskírteini hans veitir rétt til a.m.k. í 12 mánuði á síðastliðnum 5 árum, eða a.m.k. 3ja mánaða siglingatíma í næstu lægri stöðu en hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu (5. gr. laga nr. 76/2001).

**Farþegaskip: Skírteini og námskeið til tiltekinna sérhæfra starfa.**

| Atvinnuskírteini[9] ÚEÁ: útgáfa, endurnýjun eða áritun | | Takmarkanir | Grunnnámskeið öryggisfræðslu[10] [11] Grunnþjálfun um öryggismál (Basic training) Reg. VI/1 | | Líf- og léttbáta-námskeið[12] (Survival Craft and Rescue Boats other than fast Rescue Boats) Reg. VI/2 | | Hraðskreið-ir léttbátar[12] (Fast Rescue Boats) Reg. VI/2.2[13] | | Eldvarna-námskeið[12] (Advanced Fire-fighting training) Reg. VI/3 | | Sjúkra umönnun[14] [12] (Medical First Aid) Reg. VI/4.1-4.3 | | Læknis-verk[15] (Medical Care) Reg. VI/4.4-4.6 | | ARPA námskeið[15] (Profi-ciency in ARPA) Reg. II/2 | | Fjarskipta-skírteini[15] GOC/ROC GMDSS Reg. IV/2 Para. 1 | | Hóp- og neyðar-stjórnun (Crowd Man., Crisis Man. and Human Behavior ) Reg. V/2,V/3[16] | | Námskeið[17] Endurnýjun atvinnuskír-teina (Refresher cources) Reg. I/11 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | F: Frummenntun | E: Endurmenntun | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **F** | **E** | **E** |
| II/2-1 | Skipstjóri | Engar | x | E | x | S | v | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | S a) | T |
| II/2-1 | Yfirstýrimaður | Engar | x | E | x | S | v | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | S a) | T |
| II/2-3 | Skipstjóri | <3000 bt. | x | E | x | S | v | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | S a) | T |
| II/2-3 | Yfirstýrimaður | <3000 bt. | x | E | x | S | v | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | S a) | T |
| II/1 | Stýrimaður | Engar | x | E | x | S | v | S | x | S | x | E | | | v | T | x | T | v | S a) | |
| II/3-5 | Skipstjóri | <500 bt. í strands. | x | E | x | S | v | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | S a) | T |
| II/3-3 | Yfirstýrim./stýrim. | <500 bt. í strands. | x | E | x | S | v | S | x | S | x | E | x | E | v | T | x | T | v | S a) | T |
| II/4 | Aðstoðarm. í brú | Engar | x | E | | | | | | | | | | | | | | | v | S a) | |
| | Skipstjóri/stýrim. | <65 bt. í strands. | x | E | | | | | | | | | | | | | x | T | v | S a) | |
| III/2 | Yfirvélstjóri | Engar | x | E | x | S | v | S | x | S | x | | | | | | | | v | S a) | T |
| III/2 | 1. vélstjóri | Engar | x | E | x | S | v | S | x | S | x | | | | | | | | v | S a) | T |
| III/3 | Yfirvélstjóri | <3000 kW | x | E | x | S | v | S | x | S | x | | | | | | | | v | S a) | T |
| III/3 | 1. vélstjóri | <3000 kW | x | E | x | S | v | S | x | S | x | | | | | | | | v | S a) | T |
| III/1 | Vélstjóri | Engar | x | E | x | S | v | S | x | S | x | T | | | | | | | v | S a) | |
| III/4 | Aðstoðarm. í vél | Engar | x | E | | | | | | | | | | | | | | | v | S a) | |
| | Vélstjóri | <750 kW | x | E | | | | | | | | | | | | | | | v | S a) | |
| | Aðrir skipverjar | | x | E | | | v | S | | | | | | | | | | | v | S a) | |

[9] „x“: Frummenntunar er krafist til að öðlast viðkomandi atvinnuréttindi. „v“: Frummenntunar er eingöngu krafist til að mega gegna tilteknum sérhæfðum störfum.
„E“: Við endurnýjun atvinnuréttinda skal umsækjandi hafa sótt viðurkennt endurmenntunarnámskeið eins og mælt er fyrir um í viðkomandi lögum og reglugerðum.
„S“: Við endurnýjun atvinnuréttinda til sérhæfðra starfa skal umsækjandi leggja fram skriflega staðfestingu; a) um að hafa sótt viðurkennt endurmenntunarnámskeið, b) um þátttöku í skipulagðri endurmenntunarþjálfun með skráningu og staðfestingu leiðbeinanda í þjálfunarbók eða c) um að hafa gengist undir sérstakt viðurkennt hæfnispróf.
„T“: Við endurnýjun atvinnuréttinda skal umsækjandi færa sönnur á að hann hafi gegnt viðkomandi störfum eða sambærilegri stöðu í a.m.k. eitt ár á síðastliðnum 5 árum.

[10] Heimild til ÚEÁ atvinnuskírteina skal háð því að umsækjandi hafi lokið frummenntun og endurmenntun í samræmi við ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 880/2001 um lögskráningu sjómanna og ákvæðum kafla VI/1 STCW-kóðans. Innifalið í grunnnámskeiði öryggisfræðslu skal vera skyndihjálparnámskeið samkvæmt ákvæðum kafla A-VI/1.

[11] Vettvangskynning (Familiarization training) er hluti nýliðafræðslu og skal fara fram undir leiðsögn skipstjórnarmanns þegar skipverji kemur til starfa á skipi sem hann hefur ekki starfað á sl. 12 mánuði, sjá 10. gr. laga nr. 76/2001.

[12] Heimild til ÚEÁ atvinnuskírteina skal háð því að umsækjandi leggi fram staðfestingu þess að hann hafi lokið viðurkenndri frummenntun og endurmenntunarnámskeiði, tekið þátt í skipulögðum æfingum og þjálfun eða lokið viðurkenndu hæfnisprófi er fullnægi viðeigandi ákvæðum STCW-kóðans, þ.e. II/1, II/2, III/1, IV/2, VI/2, VI/3 og V/1-1.

[13] Þeir sem gegna stöðu áhafnar eða stjórnenda hraðskreiðra léttbáta skulu hafa lokið frummenntun og endurmenntun til samræmis við ákvæði STCW-kóðans.

[14] Frummenntunar til samræmis við ákvæði A-VI/4, 1-3 er krafist samkvæmt töflum A-II/1, A-II/3 og A-III/1 til þess að öðlast viðkomandi atvinnuréttindi.

[15] Heimild til ÚEÁ atvinnuskírteina skal háð því að umsækjandi leggi fram staðfestingu þess að hann hafi lokið frummenntun og sótt viðurkennt endurmenntunarnámskeið, hafi hann ekki á síðastliðnum 5 árum a.m.k. 12 mánaða siglingatíma í stöðu sem atvinnuskírteinið veitir rétt til eða a.m.k. 3ja mánaða siglingatíma í næstu lægri stöðu en hann á tilkall til.

[16] Heimild til starfa á farþegaskipum skal háð því að umsækjandi hafi öðlast frummenntun og endurmenntun sem krafist er samkvæmt Reg. V/2 og Reg. V/3.

[17] Sérstök námskeið til endurnýjunar atvinnuréttinda þegar umsækjandi hefur ekki að baki siglingatíma í stöðu sem atvinnuskírteini hans veitir rétt til a.m.k. í 12 mánuði á síðastliðnum 5 árum, eða a.m.k. 3ja mánaða siglingatíma í næstu lægri stöðu en hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu (5. gr. laga nr. 76/2001).